

Prófnúmer _____
VIÐSKIPTABRÉFAREGLUR 60%

A. Rétt eða rangt (10%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. 1,5 stig eru gefin fyrir rétt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, sem gefur eitt stig). 0,75 stig eru dregin frá fyrir rangt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, þar sem frádráttur er 0,5 stig). Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Engin íslensk lög hafa verið sett um viðskiptabréf eða einstakar tegundir þeirra
☐ Rétt
☐ Rangt
2. Reglum um viðskiptabréf var komið á fót meðal annars til þess að tryggja seljanleika viðskiptakrafna
☐ Rétt
☐ Rangt
3. Reglur um viðskiptabréf gilda um alla framseljanlega fjármálagerninga
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Veikar mótbáru skuldara eru meðal annars skuldajöfnuður, misneyting og forsendubrestur
☐ Rétt
☐ Rangt
5. Um rafbréf gilda viðskiptabréfareglur og þau geta verið ýmist nafnbref eða handhafabréf
☐ Rétt
☐ Rangt
6. Reglur um mótbárutap skuldara fjalla um réttindamissi eiganda skuldabréfs við tiltekna aðstæður, s.s. þjófnað
☐ Rétt
☐ Rangt
7. Eyðuvíxill uppfyllir öll skilyrði víxillaga fyrir utan að gjalddagi er ekki ákveðinn, sem heimilt er að ákveða síðar
☐ Rétt
☐ Rangt

B. Krossasurningar (20%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Eitt stig er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Hvert eftirtalinna skjala er ekki viðskiptabréf (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Skuldabréf með sterkri mótbáru
 - ☐ Skjal, sem aðilar semja um að sé viðskiptabréf
 - ☐ Seðlar, útgefnir af Seðlabanka Íslands
 - ☐ Skjal, sem er í eðli sínu viðskiptabréf
2. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um framsal almennra krafna (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Mótbáru skuldara falla niður við framsal, óháð grandleysi
 - ☐ Mótbáru skuldara falla ekki niður við framsal, sé framsalshafi grandlaus
 - ☐ Mótbáru skuldara falla ekki niður við framsal, óháð grandleysi
 - ☐ Mótbáru skuldara falla ekki niður við framsal, sé framsalshafi grandsamur
3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um hina svokölluðu skilríkisreglu (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Skilríkisreglan mælir m.a. fyrir um rétt skuldara til þess að fresta greiðslu á viðskiptabréfi, nema löglegur og formlegur eigandi krefjist greiðslu
 - ☐ Skilríkisreglan mælir m.a. fyrir um skyldu skuldara til þess að greiða af viðskiptabréfi, krefjist löglegur og formlegur eigandi þess
 - ☐ Skilríkisreglan mælir ekki fyrir um skyldu skuldara til þess að greiða af viðskiptabréfi, krefjist löglegur og formlegur eigandi þess
 - ☐ Skilríkisreglan mælir m.a. fyrir um skyldu löglegs og formlegs eiganda bréfs til þess að innheimta bréf samkvæmt efni þess
4. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um þær ógildingarreglur er gilda um framsal á viðskiptabréfum (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er ógilt ef viðskiptabréfi er stolið, sé um handhafabréf að ræða
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er gilt ef framsal er falsað, sé um nafnbref að ræða
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er gilt ef framsal varð fyrir mistök, sé um nafnbref að ræða
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er ógilt ef viðskiptabréf er framselt með meiri háttar nauðung, sé um handhafabréf að ræða

5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að mótbárutap skuldara verði við framsal (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Mótbárutap verður ekki við framsal, sé framsal í lifanda lífi („inter vivos“)
 - ☐ Mótbárutap verður við framsal, sé framsal innheimtuframsal
 - ☐ Mótbárutap verður ekki við framsal, sé framsal fyrir erfð
 - ☐ Mótbárutap verður ekki við framsal, sé framsal ógilt
6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um huglæga afstöðu framsalshafa við framsal (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Framsalshafi verður að vera grandlaus til þess að þriðji maður haldi réttindum sínum
 - ☐ Framsalshafi verður að vera grandlaus til þess að skuldari haldi réttindum sínum
 - ☐ Framsalshafi telst grandlaus ef hann mátti vita um mótbáru skuldara
 - ☐ Framsalshafi missir rétt ef hann er grandsamur um mótbáru þriðja manns
7. Rektaklásúla er (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Ákvæði í skuldabréfi er bannar sterkar mótbáru
 - ☐ Ákvæði í skuldabréfi er bannar framsal
 - ☐ Ákvæði í skuldabréfi er bannar uppgreiðslu fyrir gjalddaga
 - ☐ Ákvæði í skuldabréfi er bannar skuldajöfnuð
8. Hver er helsti munurinn á lánssamningi, annars vegar, og skuldabréfi, hins vegar (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Skuldabréf er að jafnaði verðtryggt, en lánssamningur ekki
 - ☐ Skuldabréfum þarf að þinglýsa, en lánssamningum ekki
 - ☐ Lánssamningur inniheldur gagnkvæmar skyldur, en skuldabréf ekki
 - ☐ Skuldabréf mælir fyrir um skilyrðislausu greiðsluskyldu, en lánssamningur ekki
9. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt um framsal á viðskiptabréfakröfu (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Skuldari tapar öllum mótbárum við framsal til grandlauss framsalshafa, sé um handhafabréf að ræða
 - ☐ Skuldari tapar öllum mótbárum við framsal til grandlauss framsalshafa
 - ☐ Skuldari heldur sterkum mótbárum við framsal til grandsams framsalshafa
 - ☐ Ekkert af framangreindu er rétt
10. Brigðaréttur er (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Réttur skuldara til þess að brigða til sín viðskiptabréfi sem hefur verið stolið
 - ☐ Réttur þriðja manns til þess að eignast betri rétt en framseljandi átti
 - ☐ Réttur kröfuhafa til þess að ná til sín viðskiptabréfi í höndum þriðja manns
 - ☐ Réttur skuldara til þess að rita mótbáru á viðskiptabréf í návist kröfuhafa

C. Raunhæft verkefni I (10%)

A gaf út skuldabréf til B. Bréfið var gefið út sem handhafabréf. C, sem er sonur B, hafði átt nokkur erfið undangengin ár og framseldi bréfið til sín með nafnframsali, með því að falsa undirskrift B. C fór síðan með skuldabréfið rakleiðis til Hjálpræðishersins, þar sem hann með viðhöfn gaf Hjálpræðishernum bréfið með þökk fyrir vel unnin störf í hans þágu undanfarin ár. Hjálpræðisherinn framseldi bréfið til handhafa og seldi það til Kletts Norðursins hf. Andvirði sölunnar var nýtt í þágu skjólstæðinga Hjálpræðishersins.

Taka skal afstöðu til þess hvort B geti, á grundvelli viðskiptabréfareglanna, brigðað til sín skuldabréfinu frá Kletti Norðursins hf. Rekja skal stuttlega almennar reglur um réttindamissi sem snúa að þessu verkefni. Jafnframt skal rekja framsalsröðina og taka fram hvenær réttindamissir B verður, ef svo ber undir.

D. Raunhæft verkefni II (10%)

A gaf út skuldabréf til B. Í samtölum við B þá gerði A það að forsendu fyrir útgáfu bréfsins að hann fengi afhenta bifreið í eigu B. Skuldabréfið var handhafabréf. Nokkrum dögum eftir útgáfu skuldabréfsins lenti B í árekstri á bifreiðinni, sem gerði það að verkum að hann gat ekki afhent bifreiðina til A. Einum degi fyrir áreksturinn hafði B selt skuldabréfið til Verðbréfabankans hf. og þegið fyrir það eingreiðslu, án þess að kynna bankanum viðskiptin að baki útgáfu bréfsins. Verðbréfabankinn hf. framseldi skuldabréfið með svokölluðu innheimtuframsali til C, lögmanns, sem vissi um forsendu A fyrir útgáfu bréfsins. Sex mánuðum eftir útgáfu skuldabréfsins féll það allt í gjalddaga. C gaf sig fram við A til þess að innheimta bréfið, en A neitaði greiðslu vegna þess að bifreiðin hafði aldrei verið afhent.

Taka skal afstöðu til þess hvort A geti, á grundvelli viðskiptabréfareglanna, neitað greiðslu skuldabréfsins gagnvart C. Rekja skal stuttlega almennar reglur um mótbárutap sem snúa að þessu verkefni og taka skal afstöðu til tegundar mótbáru A. Jafnframt skal rökstyðja hvað verður um þessa mótbáru við hvert framsal um sig.

E. Lýsið nafnbrefum, annars vegar, og handhafabréfum, hins vegar. Lýsið mun á þessum viðskiptabréfum og áhrifum á réttindi þriðja manns við framsal þeirra (10%).